

Nr. 027 / 14 Geisli**Missir stýri og dreginn í land**

Skipaskr.nr. 7385
Smíðaður: Hafnarfjörður 1994, plast
Stærð: 4,13 brl. 3,37 bt.
Mesta lengd: 6,62 m Skráð lengd: 6,6 m
Breidd: 2,5 m Dýpt: 1,33 m
Vél: Volvo Penta 147 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 2



Geisli©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. apríl 2014 var sjómælingabáturinn Geisli við mælingar vestan við Landeyjahöfn. Veður: SA 12-15 m/s og ölduhæð 1,5 m.

Við mælingarnar missti báturinn stýrið og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Þór frá Vestmannaeyjum dró Geisla til hafnar í Landeyjahöfn.

Við rannsókn kom fram:

- að það slitnaði stýrisbarki (vír) án skýringa en hann var tveggja ára gamall;
- að sett var vökvastýri í bátinn eftir atvikið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.